ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 42**

**10. árgangur**

**21.8.2003**

**I EES-STOFNANIR**

**1. EES-ráðið**

**2. Sameiginlega EES-nefndin**

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**2003/EES/42/01** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3250 – Permira Europe III/Goldman Sachs/Blackstone/Debenhams) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1

**2003/EES/42/02** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3258 – ACH/ACC) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2

**2003/EES/42/03** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3149 – Procter & Gamble/Wella) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3

**3. Dómstóllinn**

ÍSLENSK útgáfa

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3250 – Permira Europe III/Goldman Sachs/Blackstone/Debenhams)** **2003/EES/42/01**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. ágúst 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ([2]), um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Permira Europe III, GS Capital Partners 2000 LP og systurfélög, sem tilheyra bandarísku samsteypunni Goldman Sachs (Goldman Sachs), og Blackstone Capital Partners IV Merchant Banking Fund LP og systurfélög, sem tilheyra bandarísku Blackstone-samsteypunni (Blackstone), öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 29. júlí 2003, sameiginleg yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu breska fyrirtækinu Debenhams plc.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Permira Europe III, Goldman Sachs og Blackstone: fjárfestingarsjóðir sem fjárfesta í óskráðum félögum

   – Debenhams: selur ýmiss konar neysluvörur, heimilisvörur og matvörur í smásölu

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([3]).

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. ESB C 195 hinn 19. ágúst 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (+32 2 296 43 01 eða +32 2 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3250 – Permira Europe III/Goldman Sachs/Blackstone/Debenhams, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtíð. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtíð. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.
([3]) Stjtíð. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**2003/EES/42/02**

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál nr. COMP/M.3258 – ACH/ACC)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. ágúst 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ([2]), um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Applied Components Holding (ACH), sem tilheyrir hollensku samsteypunni ABN Amro (ABN Amro), öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu ítalska fyrirtækinu Applied Components Companies SpA (ACC).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – ABN Amro: banka- og fjármálaþjónusta

   – ACH: eignarhaldsfyrirtæki

   – ACC: framleiðsla á vegum dótturfyrirtækja á rafhreyflum í heimilistæki, þ.e. þvottavélar, uppþvottavélar og þurrkara, og á kæliskápaþjöppum

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([3]).

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. ESB C 195 hinn 19. ágúst 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma (+32 2 296 43 01 eða +32 2 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3258 – ACH/ACC, á eftirfarandi heimilisfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtíð. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
([2]) Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtíð. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.
([3]) Stjtíð. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

ÍSLENSK útgáfa



**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3149 – Procter & Gamble/Wella)** **2003/EES/42/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. júlí 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

– í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,

– í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3149. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09